



Alþingi  
Erindi nr. P 127/2168

Austurvegur 56 - 800 Selfoss

komudagur 16.5.2002

Sími 482 2410 – Myndsendir 482 2921 – Netfang hs@eyjar.is – Kennitala 480284-0549

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Helga E. Þórisdóttir  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Selfossi 14. maí 2002

**Varðar: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. 651. mál, EES- reglur.**

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur kynnt sér frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál. Komið er hér með á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarpsins;

Lögin fjalla um meðhöndlun úrgangs, landsáætlun um úrgangsmeðhöndlun og áætlun sveitarfélaga um úrgang í samræmi við landsáætlun, gjaldtöku vegna úrgangs og meðhöndlunar, starfsleyfi fyrir móttökustöðvar, urðunarstaði og brennslustöðvar, strafsleyfatryggingar, vöktun, aðgerðir og meðferð urðunarstaða að lokinni notkun.

Ljóst er að lögin leggja auknar kröfur á hlutverk sveitarfélaga vegna úrgangsmeðhöndlunar og förgunar með fyrirsjáanlegri kostnaðaraukningu hjá sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.


Eftirlitsaðili og útgefandi starfsleyfa er Hollustuvernd ríkisins (Umhverfisstofnun). Heimilt er að framselja eftirlitsþáttinn til sveitarfélaga (heilbrigðisnefnd/faggiltar skoðunarstofur) en ekki þvingunarúrræði gagnvart starfsleyfishafa.

Frumvarpið fjallar m.a. um urðunarstaði, brennslur og einnig allar móttökustöðvar (gámastöðvar). Bent er á að á landsbyggðinni er nú mikill fjöldi smærri gámasvæða og móttökustaða fyrir spilliefni og úrgangsolúr. Eftirlit með þessum stöðum hefur verið að mestu í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Reynsla hefur sýnt fram á nauðsyn þess að daglegur eftirlitsþáttur sé áfram í höndum heimamanna.

Rekstraraðilar skulu skila árlega til Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnun) úrgangsskýrslu í samræmi við lög um grænt bókhald o.sfrv. Ekki er fjallað um hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga varðandi þennan þátt né að heilbrigðiseftirlit hafi aðgengi að umræddum skýrslum.

Svo virðist að frumvarpið stefni að því að starfsleyfagerð og allt eftirlit varðandi málaflökkinn í heild fari úr héraði og til ríkisins. Er hér með bent á nauðsyn þess að kanna þennan þátt ítarlega m.a. með tillit af þeirri reynslu, sem er til staðar varðandi eftirlit með málaflöknum af hálfu heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga.

Virðingarfyllst

  
Birgir Þórðarson  
heilbrigðisfulltrúi

